

AUGLÝSING

um gildistöku deiliskipulags fyrir Halllandsnes í Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir lóð nr. 193029 úr landi Halllandsnes í Svalbarðsstrandarhreppi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 2,6 ha að stærð. Gert er ráð fyrir byggingu tveggja hæða húss á lóðinni með orlofsíbúðum til skammtímaútleigu. Hámarksbyggingarmagn á lóðinni eru 1.000 m², að meðtöldu eldra íbúðarhúsi. Tenging heimreiðar við þjóðveg er óbreytt.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 21. september 2011. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Svalbarðseyri, 27. október 2011.

Jón Hrói Finnsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2011